



Ótamin sköpunarkraftur

- Verkum 15 myndlistarmanna er stillt upp með verkum Errós á sýningunni Dýrslegur kraftur
- Áhrif Errós meiri á íslenska myndlist en við gerum okkur grein fyrir, segir sýningarstjórinn

VIÐTAL

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is



„Við getum sagt að hér sé brotið blað því loksins megum við snerta hann og vera með honum og hann með okkur,“ segir Birgir Snæbjörn Birgisson, sýningarstjóri nýrrar samsýningar sem opnuð var í gær í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsi og ber titilinn *Dýrslegur kraftur*. Með „honum“ á Birgir við Erró en á sýningunni er fléttað saman völdum verkum eftir hann og verkum eftir 15 listamenn af ólíkum kynslóðum. Samsýningar á borð við þessa, þar sem verk Errós eru tengd við verk yngri listamanna, eru fátíðar og minnst Birgir þess ekki að slík sýning hafi verið haldin áður í safninu. „Eg held að þetta sé eitthvað sem vel mætti halda áfram með,“ segir Birgir og bendir á að unnið hafi verið með slíkt stefnumót kynslóða með verk Ásmundar Sveinssonar og Jóhannesar Kjarvals, svo dæmi séu tekin.

„Ég veit alveg að Erró hefur haft miklu meiri áhrif á íslenska myndlist en við gerum okkur grein fyrir. Ég tala líka af eigin reynslu, hann hefur haft gríðarleg áhrif á mig og ég vona líka að hér birtist kannski – af því Erró hefur alltaf fylgst vel með okkur – möguleiki á að sjá hvaða áhrif við höfum haft á hann. Það er spennandi líka og auðvitað er öll list alþjóðleg þannig að við erum í alþjóðlegu samhengi líka. Hér eru listamenn sem eru að sýna alþjóðlega og þetta er bara eitt tungumál, það er ekki flókið og gaman að eiga þátt í að koma á slíku samtali,“ segir Birgir.

Frjór og kraftmikill heimur

Á sýningunni má sjá verk eftir Erró frá ólíkum tímum og þau sett í samhengi íslenskrar samtímalistar. „Verkin á sýningunni eru fjölbreytt og vísa til og/eda endurspeglá á einn eða annan hátt þá fjölmörgu miðla sem Erró er þekktur fyrir og þann frjóa og kraftmikla hugmyndaheim sem birtist okkur í verkum hans,“ segir á vef safnsins og að við undir-



Ljósmynd/Eyþór Árnason

Sýningarstjórinn Birgir Snæbjörn Birgisson með stórt verk eftir Erró í bakgrunni á sýningunni.



Kraftur „Raw Power“, klippimynd eftir Erró frá 2009.

búning sýningarinnar hafi orðið ljóst að frásögnin, höfundareinkenni Errós, yrði ráðandi þáttur í þeim verkum sem valin yrðu. Úir þar og

grúir af táknum og tilvísunum, eins og því er lýst, bæði í listasöguna og sjónmenningu daglegs lífs.

Titill sýningarinnar er sóttur í



Áhrif Ljósæð kona í bleikri loðpeysu, málverk eftir Baldur Helgason sem er undir áhrifum af Erró.

verk eftir Erró, „Raw Power“, og vísar í þann ótamda sköpunarkraft sem finna má bæði í verkum hans og annarra sýnenda. Titillinn vísar í plötu The Stooges þar sem Iggy Popp fór fremstur í flokki og hann má sjá í einhvers konar tilraunatanki í verki Errós, vígalegan á svip og dálítið pirraðan yfir meðferðinni.

Vísa í og vinna með listasöguna

Hinir listamennirnir 15 sem eiga verk á sýningunni vinna í ólíka miðla, m.a. skúlptúra, ljósmyndir, gjörninga og málverk, og umfjöllunarefni eru margvísleg. „Samtímalistin í dag er svo fjölbreytt og auðvitað er stór hluti myndlistarmanna í dag gagnert að vísa í og vinna með listasöguna og það myndi ég segja að væri stíft hérna,“ segir Birgir og í sumum verkanna eru vísanirnar býsna augljósar en í öðrum öllu óljósari. Má þar m.a. nefna málverk eftir Lukas Bury, sjálfsmynd sem vísar greinilega til þekkt málverks Caspars Davids Friedrichs þar sem göngumaður horfir yfir víðfeðmt landslag og þrileik ljósmynda af gjörningi Katrínar Ingu Jónsdóttur. Þetta verk er tileinkað Carolee Schneemann og Erró og verki hennar „Eye Body: 36 Transformative Actions for Camera“ frá 1963. Erró ljósmyndaði nokkra gjörninga Schneemann og bendir Birgir á að ef hann hefði ekki gert það væru færri heimildir til í dag um gjörningana.

Æpandi peysa

Birgir segist hafa dottið niður á titillinn þegar hann koma auga á fyrrenft verk Errós þar sem Iggy Popp er í öndvegi með sinn dýrlega kraft. „Við notuðum íslensku þýðinguna „dýrslegur kraftur“ og hún setti líka dálítið tóninn fyrir verkaval og stemningu sýningarinnar,“ segir Birgir og að hann hafi upphaflega haft 30 listamenn á lista og endað



Líkamslist Ein ljósmynd af þremur í verki Katrínar Ingu Jónsdóttur Hjördísardóttur, List er okkar eina von! sem er tileinkað Carolee Schneemann og Erró, verki hennar Eye Body: 36 Transformative Actions for Camera frá 1963.

ÞAU SEM SÝNA MEÐ ERRÓ

15 listamenn

Auk Errós eiga verk á sýningunni eftirfarandi listamenn:

- Arngrímur Sigurðsson
- Baldur Helgason
- Einar Lúdvík Ólafsson
- Gabriela Friðriksdóttir
- Helgi Þorgils Friðjónsson
- Jóhann Ludvig Torfason
- Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir
- Kristinn Már Pálmason
- Lukas Bury
- Sara Riel
- Sigurður Ámundason
- Valgerður Guðlaugsdóttir
- Ýmir Grönvold
- Ýr Jóhannsdóttir
- Þórdís Aðalsteinsdóttir

með helming þeirra á sýningunni.

Hinn dýrslegi kraftur birtist með ýmsu móti, m.a. í tveimur peysum eftir Ýri Jóhannsdóttur en á annarri er opin munnur sem tveir handleggir lafa niður úr og á hinni út-saumuð sjálfsmynd af listakonunni/hönnuðinum að borða hamborgara og franskar og drekka bjór. Peysan með munninum er norsk og hinn æpandi munnur væntanlega vísun í norska myndlistarmanninn Munch og „Ópið“ hans víðfræga. Birgir segir norsku peysuna í anda Errós að því leyti að hún sé ákveðin „appropriation“ eða eignarnámsslist, listamaðurinn sé í raun að vísa í og endurvinnna líkt og Erró hefur til dæmis gert í klippiverkum sínum og má rekja mun aftur í tíma en til popplistar.

Ratleikur óþarfi

„Ég vildi ekki hafa tengingarnar of augljósar en fannst líka óþarfi að búa til algjöran ratleik,“ segir Birgir um starf sitt sem sýningarstjóri. Hann segir margar nálganir hafa verið mögulegar, hann hefði til dæmis getað valið pólitísku leiðina en mikla pólitík hefur mátt sjá í stórum hluta verka Errós á löngum listamannsferli hans. „Ef hann hefði starfað meira í íslensku samfélagi værum við að sjá miklu gagnrýnni verk á íslenskt samfélag og stofnanir,“ bendir Birgir á. Erró hafi alltaf speglað sinn samtíma og oft á ögrandi hátt og verk eftir hann, því til dæmis, verið fjarlægð af sýningum.

Birgir nefnir að lokum að sannarlega sé líf og kraftur í sýningunni og áhugavert að hann sé að stýra slíkri sýningu þar sem hann sé þekktur af sínum dauðu og fíngerðu málverkum. „Þegar þessu lýkur hverf ég aftur inn í minn daufa heim,“ segir hann kíminn. Frekari upplýsingar um sýninguna og sýningar skrá má finna á listasafnreykjavikur.is.